

SKATTUR Á MENN

Einstaklingsskattaréttur

Skattar o. fl.

Almennur fróðleikur

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Glærupakki tvö

Vægi 4 til 5

Skattar, saga: Hefur nokkuð breyst?

- Skattar eða álagning skatta hefur fylgt mannum frá ómunatíð
 - Í <http://en.wikipedia.org/wiki/Tax> er t.d. greint frá því að heimildir séu til um álagningu skatta í Egyptalandi frá því 3000-2800 fyrir krist
 - Heimildir um skatta er einnig að finna í Biblíunni, sbr. 24. vers 47 kafla Mósebókar (Sköpunarsagan), en þar segir: „**En af ávextinum (tekjunum) skuluð þér skila Faraó fimmta hluta (20%), en hina fjóru fimmtu hlutanna (80%) skuluð þér hafa til þess að sá akrana og yður til viðurlífs og heimafélki yðar og börnum til framfærslu.**“

Ísland - upphaf Íslandsbyggðar

- Ísland var numið í kringum 874. Á fyrstu árum Íslandsbyggðar var ekkert yfirvald, stjórnvald o. fl. Kostnaður af rekstri samfélagsins var því lítill sem enginn. Eðlilega var því ekki þörf á að leggja á skatta
- Þeir sem fluttu hingað til lands voru flestir ungir. Vegna þessa gátu þeir séð fyrir sér sjálfir. Eftir því sem þeir eltust minnkaði auðvitað greiðslugeta þeirra. Fyrir kom líka að menn slösuðust og urðu óvinnufærir, börn misstu sömuleiðis foreldra sína, urðu munaðarlaus ...
- Einhver varð að annast um framfærslu þessara aðila. Það kostaði peninga. Sú staðreynd ásamt öðru leiddi um síðir til lögfestingar skatts - **svokallaðrar tíundar**

Tíundin - eðli og hlutfall

- Tíund var lögfest árið 1096 eða 1097. Skatturinn miðaðist við **hreina eign** ekki **hreinar tekjur**. Var hún því eignarskattur
- Samkvæmt tíundarlögum (Grágás) skyldu allir telja fram og virða eignir sínar á samkomu hrepps að hausti og sverja að rétt væri tíundað → MANNTALSPING
- Tíund = $1/10$ af 10 (tíund) = 1% skattur af hreinni eign. Ath. að auðlegðarskatturinn nam 1,25% og reiknaðist af hreinni eign umfram ...

Skattskylda - ráðstöfun

- Allir karlar, sem konur, **frá 16 ára aldri** ef þeir áttu **skuldlausu eign** umfram **ákveðið lágmark**
- Tíund var skipt milli fátækra og hins opinbera, það er biskups, kirkna og presta. Tíundakerfið hélst við líði um aldir
- Á árunum 1876-1877 átti sér stað allsherjar endurskoðun á tekjuöflunarkerfi landsins. Í framhaldi var tíundin afnumin og tekjuskattur tekinn upp
- **Fyrstu tekjuskattslögin eru nr. 23/1877.** Skv. þessum lögum var skatthlutfall tekjuskatts ólíkt eftir tekjum. Fjármagnstekjur báru þannig hærri skatt en laun ...

Tilgangur eða áhrif skatta. Skattaréttaröryggi

- Skattar gegna fjórbættum tilgangi:
 - **Tekjuöflun.** Hið opinbera verður að fá peninga til að standa undir rekstri sínum
 - **Tekjujöfnun.** Peningar eru teknir frá þeim sem betur mega sín og færðir þeim sem standa hallari fæti í lífinu
 - **Tekju(neyslu)stýring.** Með skattlagningu er reynt að hafa áhrif á breyttni/hegðun manna
 - **Talsmenn.** Þeir sem greiða skatta verða að eiga talsmenn á þingi til fylgjast með skattákvörðuninni og ráðstöfun skattanna. Öflun og ráðstöfun skatttekna

T-

F
j
ö
g
u
r

Hugtakið skattur. Almenn auðkenni skattahugtaksins

- Með skatti er átt við yfirfærslu á verðmætum venjulega í formi peninga frá einkaaðilum (mönnum og lögaðilum) til hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga svo og annarra opinberra stofnana)
- Yfirfærslan er einhliða sem þýðir að hlutaðeigandi á ekki rétt á neinu ákveðnu (sérgreindu) endurgjaldi í staðinn
- **Efnispættir:** Yfirfærsla. Einhliða. Gagngjald. Greiðendur. Einkaaðilar. Viðtakendur. Opinberir aðilar

Jónatan Þórmundsson

Fyrirlestrar í skattarétti

- Skattur er greiðsla, **venjulega** peningagreiðsla, sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að gjalda til hins opinbera samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir almennum, efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds frá hinu opinbera = **lögsmætismælikvarði**

Skilaskylda til bókasafna

Undanþága frá peningagreiðslu

- **Skatta ber að greiða í peningum.** Samkvæmt því er óheimilt að greiða skatta í öðrum verðmætum þar með talið skuldabréfum o. fl. Frá þessari reglu er aðeins vikið þegar um **skilaskyld verk** er að ræða, sbr. lög um skylduskil til safna nr. 20 frá 2002, sjá nánar
 - 1. kafli. Skilaskyld verk
 - 3. gr. Skilaskylda
 - Af verkum sem gefin eru út eða birt hér á landi **skal afhenda** eintök til skylduskila samkvæmt því sem kveðið er á um í 4.–11. gr.
 - **Verk telst birt í skilningi laga þessara þegar eintök af því hafa verið löglega gefin út eða þegar það er með réttri heimild gert aðgengilegt almenningi með öðrum hætti, svo sem ef það er flutt eða sýnt opinberlega eða er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet**
 - Verk telst birt hér á landi þótt það sé framleitt erlendis ef það er sérstaklega ætlað til dreifingar hér á landi

Skattahugtakið á ensku

A Tax is a financial charge or other levy imposed on an individual or a legal entity by a state or a functional equivalent of a state (for example, secessionist movements or revolutionary movements). Taxes are also imposed by many subnational entities. Taxes consist of direct tax or indirect tax, and may be paid in money or as its labour equivalent (often but not always unpaid). A tax may be defined as a "pecuniary burden laid upon individuals or property to support the government [...] a payment exacted by legislative authority." [1] A tax "is not a voluntary payment or donation, but an enforced contribution, exacted pursuant to legislative authority" and is "any contribution imposed by government [...] whether under the name of toll, tribute, tallage, gabel, impost, duty, custom, excise, subsidy, aid, supply, or other name." [1]

Fróðlegar heimasíður gúglið: concept of tax

- http://www.slideshare.net/gar_dev/concepts-of-taxation
- <http://www.slideshare.net/philtaxation/income-tax-intro-topicsfeb2011>
- <http://www.slideshare.net/krk811/kaiser-individual-income-taxation-slides>

Oliver Wendell Holmes (1841-1935)

Hvað myndi gerast ef engir greiddu skatta
ríkið myndi leysast upp

- „Skattar eru það gjald sem við greiðum fyrir **að fá að lifa í siðuðu samfélagi**“ segir í rökstuðningi, Oliver Wendell Holmes, fyrrverandi dómara í Hæstarétti Bandaríkjanna, í frægu dómsmáli frá því á fyrri hluta síðustu aldar
- Þessi setning er af mörgum talin lýsa sköttum betur en annað. Ekki þarf því að koma á óvart þótt hún hangi yfir innganginum að aðalstöðvum alríkisskattastofnunarinnar (IRS) í Washington
- Setningin undirstrikar líka vel það megininkenni skatta að þeir eru **ekki** eitthvað sem borgararnir **eru sviptir** heldur **TRYGGT** til að **lifa í eða af í** „siðuðu samfélagi“ á jafnréttisgrundvelli

Þjóðfélagsamningur. Meiri hagsmunir fyrir minni

- Ákvörðun um að stofna ríki byggist á því mati manna að hagsmunum þeirra sé betur/best borgið ef einn aðili, ríki, annist yfirstjórn ákveðinna mála
- Á grundvelli almenns þjóðfélagssamnings eða sáttar afsala menn þessum aðila, ríkisvaldinu, ákveðnum réttindum. Í staðin fá þeir vernd, umönnun o. fl.
- Ríki getur auðvitað ekki annast um verkefni sín nema fá peninga – skatta. Skattar eru því **sá** fórnarkostnaður sem menn og lögaðilar greiða fyrir þjóðfélagsverndina. Munið Oliver Wendell Holms
- Um þennan þjóðfélagssamning, sjá http://en.wikipedia.org/wiki/Social_contract

Skattsvik - siðrof

875 sviptir bótum

■ Þingmaður segir skattsvik vera siðrof

Björn Teitsson bjorn@dv.is

07:00 · 11. ÁGÚST 2011



Stunda virkt eftirlit. Bótaþegar verða að sýna fram á atvinnuleit. MYND: DV

875 manns hafa nú þegar verið sviptir atvinnuleysisbótum það sem af er þessu ári. Það er Vinnumálastofnun sem sér um að greiða út atvinnuleysisbætur og jafnframt að aðstoða bótaþega við að finna sér starf. Á sama tíma í fyrra voru 625 sem höfðu verið sviptir atvinnuleysisbótum og hefur sviptingum því fjölgað um 40 prósent á einu ári. RÚV greindi frá þessu á þriðjudag.

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á sæti í félags- og tryggingamálanefnd. Hann segir það í fyrsta lagi ánægjuefni að Vinnumálastofnun skuli stunda virkt eftirlit með þeim sem þiggja bætur. „Alvarlegra er, að fólk skuli hafa geð í sér til að sækja um atvinnuleysisbætur þegar það er í vinnu eða að þeir sem þiggja bætur eru ekki að sækjast eftir vinnu. Þar með má álykta að sama fólk hafi verið að misnota kerfið.“

Pétur segir að ekki megi gleyma skattastefnu ríkisstjórnarinnar, misnotkunin á kerfinu bendi til að skattlagningin sé orðin of há.

„Atvinnulífið bregst við hækkandi sköttum með ýmsum hætti. Þar getur viðkomandi starfsgrein í raun lagst af eða þá að starfsgreinin fari undir yfirborðið og stundi þá skattsvik. Það er mjög alvarlegt mál því skattsvik snúast um meira en að hætta einfaldlega að greiða skatta. Þar er um að ræða ákveðið siðrof, enda er þetta lögbrot. Þeir sem eru færir um að brjóta lögin á þennan hátt gætu þá verið færir um að brjóta fleiri lög.“

Álagning skatta. Stjórnarskráin

- Ákvæði um skatta er að finna í 40. gr. stjórnarskrárinnar og hljóðar það svo:
 - Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum
- Um skatta er einnig rætt í 77. gr. stjórnarskrárinnar og hljóðar hún svona:
 - Skattamálum skal skipað með lögum. (Lögmætisreglan)
Ekki má fela stjórnvöldum (fjármálaráðherra, ???) ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. (Framsalsheimild). Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. (Afturvirkni)

Til þess að skattur teljist lögmætur þarf að fullnægja

- Formlegum skilyrðum
 - Lög sett af alþingi
 - Ekki má því ákveða skatt með reglugerð
- Efnislegum skilyrðum
 - Bann við mismunun
 - Jafnræði
 - Atvinnufrelsi, tjáskipti
 - Eignasvipting

Fróðleikur

- Algent er að ákvæði um skatta sé að finna í stjórnarskrám ríkja. Íslenska ákvæðið er t.d. samhljóða hinu danska, sbr. 43. gr. dönsku stjórnarskrárinnar
- Danskur réttur varðandi túlkun á ákvæðinu getur því skipt máli hér á landi
- Önnur dæmi: Í 16. gr. bandarísku stjórnarskrárinnar er alríkinu (e. Federal State) veitt skattlagningarheimild samkvæmt svohljóðandi ákvæði:
 - The Congress shall have power to lay and collect taxes on incomes, from whatever source derived, without apportionment among the several States, and without regard to any census or enumeration

Hvað þýða þessi ákvæði?

- LÖGMÆTISREGLAN. TVEIR EFNISÞÆTTIR
 1. **Formlegur þáttur.** Álagning skatta verður að hafa stoð í lögum. **Engin lög, enginn skattur.** Lögin verða að innihalda ákvæði um hverjir eru skattskyldir, af hvaða verðmætum þeir skuli greiða skatt og hvert hlutfall skattsins er. Undirskilið er að Alþingi leggi á skatta. Af því leiðir að Alþingi er óheimilt að **framselja** þetta vald til annarra opinberra aðila eða einkaaðila
 2. **Efnislegur þáttur.** **Almennur efnislegur (málaefnalegur) mælikvarði**
 - Almennur gagnstætt sérstakur. Bitnar jafnt á öllum
 - Efnislegur mælikvarði. Málefnaleg sjónarmið. Jafnrétti. Sannvirði (takmarkar skatthæð). Bannar eignaupptöku
 - Afturvirkni skattalaga. Tímamark afturvirkni. Á að ganga út frá þeim degi sem lög eru samþykkt eða kunngerðFyrirsjáanleiki

Bitnar jafnt á öllum af hverju bændur en ekki ...

- Skattur verður ekki krafinn af tilteknum aðilum ef ekki eru skattlagðir aðrir sambærilegir aðilar í sömu stöðu
- HRD 1965:424 Í málinu var deilt um réttmæti gjalds **(1%)** sem lagt var á andvirði innlagðar mjólkur bónda hjá mjólkur samlagi og rann til stofnlánadeildar landbúnaðarins. Um lögmætið sagði Hæstiréttur:
 - “Almenni löggjafinn hefur tvímælalausan, stjórnskipulegan rétt til að leggja á þjóðfélagsþegnana skatta og opinber gjöld **eftir málefnalegum og reglubundnum sjónarmiðum**Lögrök þau, sem þessi ákvæðisréttindi almenna löggjafans hvíla á, leiða og til þess, að löggjafa þessum sé rétt að leggja féggjald á **tiltekna þjóðfélagshópa eftir eðlisrök-réttum og málefnalegum sjónarmiðum til fullnægingar á þörfum þeirra þjóðfélagshópa, sem álögunum sæta.**”

(1)Bann við mismunun

Verðlagning hlutabréfa við skattlagningu

- **HRD 1954:93.** Í málinu var deilt um útreikning stóreignaskatts af eignarhlutum í hlutafélögum og samvinnufélögum. Taldi skattaðili að með lögunum ætti sér stað **ólögmæt eignaupptaka** en Hæstiréttur hafnaði því með svofelldum orðum:
 - “Að vísu verður að telja, að framangreindar reglur laga nr. 22/1950 séu ekki eðlilegar og geti leitt til **nokkurs ósamræmis**, að því er skattgreiðslu einstakra félaga varðar. **En þar sem löggjafinn hefur ekki fyrirfram tekið ákveðin félög út úr í því skyni að gera hlut þeirra verri en annarra**, þykir ekki verða staðhæft, að nefnd ákvæði laganna fái ekki samrýmzt 67. gr. (72. gr) stjórnarskrárinnar.”

(2)Bann við mismunun

Guðmundur í Víði. Mannréttindasáttmálinn

http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000556178

- HRD 1958:753. Stóreignaskattur, hinn síðari. Skattaðili hélt því fram að lögin mismunuðu skattaðilum eftir félagsformum og brytu þar af leiðandi gegn jafnréttisákvæðum stjórnar - skrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Um þetta sagði mannréttindanefndin:
 - *“að því er varðar það kæruatriði að lög 44/1957 brjóti í bága við 14. gr. Sáttmálans, þar eð þau mismuni félagaförum til hagsbóta fyrir samvinnu og sameignarfélög, þá ber að hafa í huga, **að mismunun er FYLGIFISKUR SKATTALAGA, þar sem þau verka á mismunandi hátt og með mismunandi þunga gagnvart hinum ýmsu einstaklingum og fyrirtækjum.** Því er það, að enda þótt lög nr. 44/1957 taki ekki til samvinnu og hlutafélaga á sama hátt, þá gefur sú staðreynd, EIN ÚT AF FYRIR SIG, **ekki ástæðu til að draga í efa eðli þeirra, sem lögmætra skattlaga í merkingu 1. gr. Viðbótarsamningsins.**”*

mismunun er FYLGIFISKUR SKATTALAGA

- Börn sæta lægri skatti en fullorðnir
- Tekjuskatturinn er prepatengdur. Menn með hærri tekjur greiða hærri skatt en menn með lægri tekjur
- Bætur eru og háðar tekjum og eignum. Fari tekjur og eða eignir umfram ákveðin mörk falla bæturnar semsé niður
- Síðan er það auðlegðarskatturinn ...

(3)Dómur hæstaréttar dags. 31. jan. 2013 í málinu nr. 416/2012

- Ákvæði 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt fjallar m.a. um endurgreiðslu virðisaukaskatts **vegna vinnu við verksmiðju framleidd íbúðarhús**. LB taldi sig framleiða slík hús og krafðist því endurgreiðslu virðisaukaskatts **vegna vinnu við** framleiðslu þeirra en ríkisskattstjóri synjaði beiðni þess með vísan til þess að einungis væri um **verksmiðju framleiddar húseiningar að ræða**
- LB stefndi því ríkinu og krafðist viðurkenningar á endurgreiðslunni m.a. með vísan til þess að synjunin fæli í sér brot gegn 40. og 77. gr. stjórnar skrárinnar, sbr. 65. gr. hennar (bann við mismunun)
- Í dómi Hæstaréttar segir að í dómaframkvæmd hafi löggjafinn verið talinn hafa **viðtækt vald** til að ákveða **hvaða atriði skuli ráða skatt skyldu** og verði að líta svo á að það svigrúm nái einnig til þess að kveða á um **undanpágur frá skattskyldu**. Félld Hæstiréttur því **ekki** á sjónarmið LB ehf. og staðfesti niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu íslenska ríkisins

(4)Bann við mismunun

Hér er mismununin ef til vill augljósari

- HRD 1986:706. Ágreiningur um fasteignagjald af laxveiðihlunnindum í Haffjarðará. Var **utansveitar-mönnum** gert að greiða hærra gjald en innan-sveitarmönnum. Um þetta sagði Hæstiréttur:
 - “Í máli þessu veltur gjaldskylda áfrýjenda á búsetu þeirra eins og fyrr greinir. Þegar til þess er litið hversu **mjög jafnræði þeirra er raskað með þessum skattháttum þykir með tilvísun til grunnreglu 67. gr. stjórnarskrárinnar, samhliða FYRRI VENJU Í LÖGGJÖF UM HLIÐSTÆÐ EFNI, eigi vera gild lagaheimild fyrir álagningu gjaldsins.**”

Auðlegðarskattur

Lesið eftirfarandi dóm

- Mál nr. **726/2013** dómur dags. 10. apríl 2014:
Guðrún Helga Lárusdóttir gegn íslenska ríkinu
- Mál nr. **391/2016** dómur dags. 24. maí 2017:
Dánarþú Ragnhildar Skeoch gegn íslenska ríkinu
- Lykilorð
 - Auðlegðarskattur. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu
 - Eignarréttur
 - Jafnræði
 - Meðalhóf
 - Afturvirkni

Bifreiðagjald

- HRD 1996:3114. Í þessu máli var deilt um lögmæti bifreiðagjalds af fornbíl. Hélt skatt aðili því fram að þyngdarviðmiðið bryti í bága við viðurkennd sjónarmið í skattlagningu.
Eðlilegra væri að miða við verðmæti
- Um þetta sagði Hæstiréttur:
 - „Skattur þessi er lagður á með lögum **eftir almennum, efnislegum mælikvarða** og miðast við þyngd bifreiða, en ekki verðgildi þeirra. Eru þess nokkur dæmi í löggjöf, að skattar séu lagðir á eftir máli eða vog.”

Útvarpsgjald

Markaður tekjuskattsstofn

- Frá og með árinu 2009 leggja skattstjórar á útvarpsgjald. Hér er um að ræða sérstakt gjald, **nefskatt**, sem innheimtur er samhliða álagningu opinberra gjalda
- Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, **öðrum en dánarbúum, protabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga**
- Skal gjaldið árið 2021 nema 18.300 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila
- Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. **Einnig** eru undanþegnir gjaldinu **EINSTAKLINGAR** sem hafa tekjuskattsstofn skv. 1. og 3. tölul. 61. gr. TSL, samtals lægri en $609.509/0,3145 = 1.870.828$ kr. á árinu 2021

Útvarpsgjald í gegnum tíðina

Útvarpsgjald

Útvarpsgjald er lagt á einstaklinga og lögaðila samhliða álagningu opinberra gjalda.

Einstaklingar

Útvarpsgjaldið er lagt á einstaklinga sem eru 16 ára til og með 69 ára á tekjuárinu, sem eru með tekjustofn yfir tekjumörkum, í fyrsta skipti við álagningu ári eftir að 16 ára aldri er náð. Undanþegnir greiðslu útvarpsgjalds eru elli- og örorkulífeyrisþegar sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuársins. Þannig eru þeir sem verða 70 ára á árinu 2020 undanþegnir greiðslu útvarpsgjalds við álagningu 2021.

Tekjustofn er tekjuskattstofn að viðbættum fjármagnstekjuskattstofni. Hjá hjónum og samsköttuðu fólki bætist þó einungis helmingur sameiginlegs fjármagnstekjuskattstofns við tekjustofn hjá hvoru fyrir sig.

Tekjumörk vegna útvarpsgjalds einstaklinga eru reiknuð skattleysismörk fyrir hvert ár.

Lögaðilar

Gjaldskylda hvílir á innlendum lögaðilum. Undanþegnir greiðslu eru dánarbú, þrotabú og lögaðilar sem sérstaklega eru undanþegnir skattskyldu samkvæmt lögum um tekjuskatt.

Fjárhæð útvarpsgjalds

Fjárhæðin er sú sama hjá lögaðilum og einstaklingum.

Gjaldár	Útvarpsgjald - fjárhæð	Tekjumörk einstaklinga
2021	18.300	1.870.828
2020	17.900	1.833.671

Ath.
fjárhæðina

Skúffufélög

Jafnræði

- Staðreynd er að margir eiga félög sem liggja á lager svo að segja. Þessi félög eru í mörgum tilvikum eignalaus. Þá afla þau ekki heldur neinna tekna
- Eigi að síður verða þau mörg hver að greiða útvarpsgjald. **Er hugsanlegt að það brjóti gegn stjórnarskránni að þínu mati?**
 - mismunun samanborið við einstaklinga
 - eignaupptaka. Þau hafa jú engar tekjur

Mörk skatta og annarra eignayfurfærslna frá einkaaðilum til hins opinbera

- Skattar eru aðeins eitt dæmi um þvingaða yfurfærslu á verðmætum frá einkaaðilum til opinberra aðila. Önnur dæmi eru:
 - Eignarnám. Allsherjarhagsmunir. Fullt endurgjald
 - EignaUpptaka. Refsiverð háttsemi. Ekkert endurgjald
 - Sektorrefsing. Refsiverð háttsemi. Ekkert endurgjald
- Sameiginlegt öllum þessum yfurfærslum er að ekki er unnt að framkvæma þær nema á lagagrundvelli
 - Engan skatt án laga, enga refsingu án laga

Skattar → „lögverndaður þjófnaður“

- Með sköttum eru einkaaðilar þvingaðir til að afhenda opinberum aðilum einhliða fjármuni, peninga, það er án sérgreinds endurgjalds
- Eðlilegt er því að greiðendurnir vilji hafa eftirlit með því hvernig skattarnir eru lagðir á og ráðstafað/notaðir
- Þetta er stundum orðað svo: Enga skatta án talsmanna, fulltrúa, alþingismanna og á rót að rekja til Frelsisyfirlýsingar Bandaríkjanna 1689, sbr. http://en.wikipedia.org/wiki/Bill_of_Rights_1689, frönsku byltingarinnar ...

Innlent | mbl | 13.9.2013 | 13:05

Vatnsgjald jafngildi eignaupptöku



Maðurinn taldi óeðlilegt að hann væri látinn greiða fullt vatnsgjald vegna flugskýlis á Reykjavíkflugvelli. Morgunblaðið/Sverrir

Úrskurðarnefnd á vegum innanríkisráðuneytisins hefur hafnað beiðni eiganda flugskýlis á Reykjavíkflugvelli um að vatnsgjald Orkuveitu Reykjavíkur verði endurskoðað. Maðurinn hélt því fram að gjaldið væri svo hátt að það jafngildi eignaupptöku.

Flugskýlið sem um ræðir er 448 m² að

stærð og nýtt til að geyma í því flugvélar. Aðeins um 15% skýlisins er upphitað. Í skýlinu er eitt salerni með handlaug og eldhúsvaskur í kaffistofu.

Í kærinni sagði maðurinn frá því að hann hefði árið 2011 keypt löggiltan vatnsrennismæli, svonefndan magnmæli, og komið honum fyrir á innrennsli kalda vatnsins. Hann telur að þau háu gjöld sem hann þurfi að greiða jafngilda eignaupptöku. Samkvæmt lögum má vatnsgjaldið nema allt að 0,5 hundraðshlutum af fasteignamati.

Heimild er í lögum að ákveða vatnsgjald á grundvelli magnmælis, en [úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu](#) að fasteignareigandi hafi ekki rétt á að ákveða einhliða að álagning vatnsgjalds fyrir fasteign í hans eigu skuli miðast við mælda notkun. Né heldur geti hann gert þá kröfu að álagningin skuli sjálfkrafa miðast við notkun samkvæmt vatnsmæli sem hann hefur sett upp að eigin frumkvæði og án aðkomu vatnsveitunnar, sem t.a.m. hefur það hlutverk að ganga úr skugga um vatnsmælir sé innsiglaður með viðeigandi hætti. Að mati ráðuneytisins er þannig ljóst að atbeina viðkomandi vatnsveitu þarf til þegar ákveðið er að miða álagningu vatnsgjalds við mælda notkun. Í því máli sem hér um ræðir hafi OR ekki séð ástæðu til uppsetningu vatnsmælis og í umsögn OR um kærana komi fram að maðurinn hafi ekki farið fram á slíkt.

Skattar og þjónustugjöld

sala á þjónustu

- Skattar einkennast af því að greiðandinn á ekki rétt á neinu **sértæku endurgjaldi** fyrir greiðslu sína
- Ríkið veitir borgurunum auðvitað margs konar þjónustu. Við verðlagningu á þessari þjónustu gildir sú regla að hún má almennt ekki kosta meira en sem nemur hinum **beina kostnaði** við þjónustuna
- Álagning á þjónustuna, **til að standa straum af óbeinum kostnaði**, þar með talið fjárfestingum, telst því skattur

Creditinfo krefur ríkið um 400 milljónir

FRÉTTABLAÐIÐ Viðskipti innlent | 29. ágúst 2012 08:30

Líkar þetta 3 +1



Hákon Stefánsson

Hákon Stefánsson, framkvæmdastjóri Creditinfo.

Upplýsingamiðlunin Creditinfo hefur höfðað mál á hendur fjármálaráðuneytinu og Þjóðskrá Íslands til að láta reyna á lögmæti þess að innheimt sé gjald fyrir upplýsingar úr Þjóðskrá, til dæmis veðbönd og fasteignamat-supplýsingar.

Fyrirtækið gerir um 400 milljóna króna bótakröfu vegna ófgreiddra gjalda undanfarin ár.

Upphaf málsins má rekja til álits umboðsmanns Alþingis frá því í fyrravor, þegar hann komst að því að ekki hefði verið sýnt fram á að gjaldtakan samræmdist lögum sem segja að hún megi ekki vera umfram kostnaðinn við að taka upplýsingarnar saman. Hann taldi sig þó ekki hafa forsendu til að meta hvort gjaldið hefði verið of hátt.

„Þjóðskrá og ríkið hafa kosið að fara ekki eftir áliti umboðsmanns og því ákváðum við að láta reyna á lögmæti gjaldtökkunnar fyrir dómi enda óásættanlegt að embætti sem ætlað er að kveða á um lögmæti og hafa eftirlit með stjórnsýslunni sé virt að vettugi," segir

„Verði niðurstaða dómsins í samræmi við áliti umboðsmanns má búast við því að verð fyrir umræddar upplýsingar lækki umtalsvert," segir Hákon, sem telur að dómurinn muni, ef að líkum láti, hafa ríkt fordæmisgildi í málum sem lúti að gjaldtöku stofnana fyrir upplýsingar."

- sh

Um málið nánar,
sjá dóm dags. 11.
júní 2015 í málinu
nr. 837/2014.
Creditinfo
Lánstraust hf.
gegn íslenska
ríkinu og
Þjóðskrá Íslands

Hvað þýðir þetta? umboðsmaður Alþingis, álit

1. Héraðsdómslögmannsleyfi, sjá
2. Tollskýrslugerð, sjá
<http://www.umbodsmaduralthingis.is/skyrslur/skoda.asp?Lykill=928&Skoda=Reifun>
3. Skrásetningargjald í HÍ, sjá
<http://www.umbodsmaduralthingis.is/skyrslur/skoda.asp?Lykill=176&Skoda=Reifun>

Gjald fyrir leyfi til að vera hdl.

Ólafur Ragnar Grímsson

sleppur fram af sér beislinu

Mál nr. 435/1991. Skattar og gjöld. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Lagaheimild gjalddöku. Ólögsmæt sjónarmið. Jafnræði.

A, héraðsdómslögmaður, kvartaði yfir þeirri ákvörðun fjármálaráðherra að hækka gjald fyrir leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi úr kr. 4.000,-- í kr. 50.000,--, sbr. 24. tölul. 1. gr. **reglugerðar** nr. 644/1989, um aukatekjur ríkissjóðs. Hækkun leyfisgjalda miðað við fyrri reglugerð var yfirleitt á bilinu **60 — 70%**, en hækkun fyrir leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi og leyfi til almennra lækninga svo og tannlækninga var **1150%**.

Niðurstaða umboðsmanns var því sú, að gjaldtaka fyrir leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi samkvæmt 24. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 644/1989, um aukatekjur ríkissjóðs, hefði verið **ólögsmæt, að því leyti sem þar hefði verið um að ræða öflun tekna umfram kostnað, sem stafaði af útgáfu leyfanna og eftirliti tengdum þeim**

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til fjármálaráðuneytisins, að það endurskoðaði umrædda ákvörðun og tæki þar tillit til þeirra sjónarmiða, sem fram kæmu í álitinu og A yrði endurgreitt oftekið leyfisgjald í samræmi við niðurstöðu þeirrar endurskoðunar. Jafnframt að sama leiðrétting yrði látin ná til annarra þeirra, sem vera kynnu í sömu stöðu og A.

Greiðsla fyrir tollskýrslueyðublöð

Mál nr. 610/1992. Skattar og gjöld. Gjaldtaka fyrir tollskýrslueyðublöð. Heimild til töku þjónustugjalds. Skattlagningarheimild. Synjun tollyfirvalda á viðtöku aðflutningsskýrslna.

A kvartaði yfir því, að tollstjóraembættið í Reykjavík heimti gjald fyrir tollskýrslueyðublöð og neitaði að taka við tollskýrslueyðublöðum, sem Verslunarráð Íslands hefði látið prenta, enda ætti sala á tollskýrslueyðublöðum að skila ráðgerðum tekjum samkvæmt fjárlögum

Úrlausnarefnið var tvíþætt. Annars vegar varðaði það heimild tollyfirvalda til **að neita að taka við** aðflutningsskýrslum á eyðublöðum, er prentuð voru að tilhlutan Verslunarráðsins og hins vegar heimild til **gjaldtöku fyrir tollskýrslueyðublöð**

Umboðsmaður benti á, að skv. V. kafla tollalaga nr. 55/1987 væri sú skylda lögð á innflytjendur við innflutning vöru, að veita ítarlegar upplýsingar á tilteknum eyðublöðum. Í lögunum væru hins vegar ekki ákvæði, sem skylduðu innflytjendur að skila aðflutningsskýrslum á eyðublöðum, sem ríkistollstjóri léti prenta og selja, svo framarlega sem eyðublöðin uppfylltu áskilið form

Þar sem þetta skilyrði tollyfirvalda hafði **ekki lagastoð**, taldi umboðsmaður það **hafa verið ólögmaett**. Umboðsmaður taldi hins vegar ekki ástæðu til að fjalla um þennan þátt kvörtunarinnar nánar, þar sem fjármálaráðuneytið hafði breytt þessari ákvörðun sinni. Að því er varðaði gjaldtöku tollyfirvalda á tollskýrslueyðublöðum var upplýst, að kostnaður við prentun hefði verið **kr. 4,19--4,81** fyrir hvert eintak af eyðublaðinu E1, í tvíriti. Fyrir umrætt eyðublað töku tollyfirvöld hins vegar **50 kr.** Miðað við kostnað af gerð eyðublaðanna og ummæli í athugasemdum við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1992 taldi **umboðsmaður að líta bæri á þann þátt endurgjaldsins, sem færi fram úr kostnaði við gerð eyðublaðanna, sem skatt í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.**

Samkvæmt 3. gr. auglýsingar nr. 64/1992 var umrætt gjald sett með stoð í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Umboðsmaður féllst ekki á, að í umræddri grein fælist skattlagningarheimild í skilningi 40. gr. stjórnarskrárinnar, enda væri þar ekki kveðið á um skattskyldu, skattstofn eða reglur um ákvörðun fjárhæðar skattsins, heldur væri aðeins um að ræða almenna heimild til þess að setja nánari fyrirhætti um framkvæmd tollalaganna.

Af hálfu fjármálaráðuneytisins var því haldið fram, að gjaldið væri einnig byggt á breyttri útgjaldastefnu ríkisins, sem fram hefði komið í athugasemdum við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1992. Umboðsmaður taldi það enga þýðingu hafa, þótt slík sjónarmið hefðu verið kunngerð í athugasemdum við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1992, þar sem ekki naut við skattlagningarheimildar í lögum. Taldi umboðsmaður því skorta lagaheimild til töku gjalds fyrir tollskýrslueyðublöðin, að því leyti sem þar væri um skattheimtu að ræða

Næst tók umboðsmaður til athugunar hvort heimilt væri að taka gjald fyrir eyðublöðin, sem svaraði til kostnaðar við gerð þeirra. Umboðsmaður benti á að skýrslugjöfin á hinu staðlaða tollskýrslueyðublaði væri nauðsynlegur og jafnframt lögboðinn þáttur í undirbúningi að innheimtu ríkisins á tollum og öðrum gjöldum af innfluttum vörum. Hefðu eyðublöðin verið látin af hendi endurgjaldslaust fyrir útgáfu auglýsingar nr. 64/1992

Jafnframt benti umboðsmaður á, að stöðluð skattskýrslueyðublöð vegna tekju- og eignarskatts, virðisaukaskatts og fleiri skatta, sem gegndu um margt svipuðu hlutverki og tollskýrslur, væru látin af hendi endurgjaldslaust.

Umboðsmaður taldi, að ganga yrði út frá þeirri **GRUNDVALLARREGLU**, að almenningur þyrfti **ekki að greiða sérstakt gjald fyrir afgreiðslu eða úrlausn stjórnvalda**, nema öðru vísi væri mælt í lögum. Meginreglan væri sú, að lög þyrfti að setja til að gjald mætti taka fyrir þjónustu, sem hefði verið veitt almenningi að kostnaðarlausu eða byggt hefði verið á í lögum, að veita skyldi endurgjaldslaust. Hvorki í tollalögunum né öðrum lögum væri fjármálaráðherra veitt heimild til þess að ákveða, að tekið skyldi endurgjald fyrir umrædd eyðublöð

Taldi umboðsmaður, að samkvæmt þeirri grundvallarreglu, **að stjórnýslan væri lögbundin**, þyrfti skýra lagaheimild til þess að heimta mætti úr hendi skattþegnanna endurgjald á kostnaði af ákveðnum þáttum í skattheimtu ríkisins. Þar sem slíkri lagaheimild væri ekki fyrir að fara, hvorki í tollalögum né öðrum lögum, væri óheimilt að taka endurgjald fyrir tollskýrslueyðublöð, sem skylt væri að nota við lögboðna upplýsingagjöf í tengslum við heimtu skatta og gjalda af innfluttum vörum. Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til fjármálaráðuneytisins að það hefði forgöngu um, að umræddum málum yrði komið í löglegt horf í samræmi við þessi sjónarmið hans

Máttu ekki krefjast 15% álags á skráningargjöld



Háskóli Íslands mbl.is/Ómar Óskarsson

Umboðsmaður Alþingis hefur gert athugasemd við álagningu 15% álags á skrásetningargjalds við Háskóla Íslands í tilviki þar sem nemandi greiddi gjaldið einum degi eftir gjalddaga/eindaga. Jafnframt beindi hann þeim tilmælum til háskólaráðs að taka frekari afstöðu til þess hvaða efnisatriði bæri að setja í reglur fyrir Háskóla Íslands, sem birtar væru í B-deild Stjórnartíðinda

Nemandi leitaði til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir að 15% álag hefði verið lagt á skrásetningargjald við Háskóla Íslands vegna þess að greidd

var einum degi eftir gjalddaga/eindag. Jafnframt benti nemandinn á að reglur um innheimtu skrásetningargjalds væri að finna í verklagsreglum háskólans sem ekki hefðu verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

15% álag á skráningargjöld ekki í samræmi við lög

Nemandinn skráði til náms í Háskóla Íslands sumarið 2011. Það ár var auglýstur eindagi greiðslu skráningargjalda þann 11. júlí. Þeir nemendur sem ekki höfðu sinnt því að greiða gjaldið þá, höfðu enga síður vilyrði fyrir skólavist og var heimilt að greiða skrásetningargjaldið þann 10. ágúst, en þá með 15% álagi. Í áliti umboðsmanns Alþingis kemur fram að skýrt sé af ákvæði laga um opinbera háskóla, að forsenda sé fyrir töku álags á skrásetningargjald að nemandi hefði fengið „leyfi til skrásetningar utan auglýstra skráningartímabila“. Af lögskýringargögnum mætti ráða að álagið væri byggt á sjónarmiðum um þjónustugjald.

Álaginu sem lagðist á eftir 11. júlí væri því ætlað að mæta viðbótarkostanaðir vegna aukinnar vinnu sem hlytist af veitingu slíks leyfis. Umboðsmaður benti á að í skýringum Háskóla Íslands til hans væri hvergi vikið að því hvaða viðbótarkostnaður hlytist af því fyrirkomulagi sem hefði verið viðhaft. Það var niðurstaða hans að Háskóla Íslands hefði ekki sýnt honum fram á að sú framkvæmd að bæta 15% álagi á skrásetningargjald í tilviki nemandans hefði verið í samræmi við lög.

Þjónustugjald vegna UMS ólöglegt



mbl.is/Eggert Jóhannesson

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt að ríkissjóður skuli endurgreiða fjármálafyrirtækinu Lýsingu á annan tug milljóna króna vegna oftekinna skatta.

Málið varðar þjónustugjöld sem lögð voru á lánastofnanir, íbúðalánasjóð og lífeyrisjóði árin 2010 og 2011 til að standa straum af útgjöldum vegna Umboðsmanns skuldara (UMS). Hóf það embætti starfsemi 1. ágúst 2010.

Frá og með árinu 2012 hefur embættið verið fjármagnað með sköttum á viðkomandi aðila, að því er fram kemur í Morgun-

blaðinu í dag.

Morgunblaðið

Nánar um málið í Morgunblaðinu

Áskrifendur:
[Lesið blaðið hér](#)

Ekki með áskrift?
[Skoðaðu áskriftarleiðir](#)

Leggjast gegn 15 metra reglu: „Fáranleg og óréttlát“

■ Húseigendafélagið harðort um sorphirðureglu Reykjavíkur.

Sigurður Mikael Jónsson mikael@dv.is

08:33 · 19. APRÍL 2011

Deildu

Mæli með 82

Senda

Deila á Facebook

Deila með tölvupósti

Skrifa ummæli

Fréttir - Innlent



Æsileg eftirför frá Selfossi



Áfram í stjórn LÍU þrátt fyrir rannsókn



Í ruslið með 15 metra regluna segir Húseigendafélagið.

Húseigendafélagið krefst þess að borgaryfirvöld hverfi alfarið frá því að innleiða hina umdeildu og alræmdu 15 metra reglu við sorphirðu hinn 1. maí næstkomandi. Telur félagið að kanna þurfi hvort reglan standist hreinlega lög. Í öllu falli þurfi að slá gildistökunni á frest í að minnsta kosti eitt ár til að fá úr því skorið eða gefa fólki tækifæri til að undirbúa breytinguna sómasamlega.

Þessi regla var brugguð á laun án nokkurs samráðs við íbúa Reykjavíkur, húseigendur og félög og samtök þeirra. Líóst er að staðsetning sorpláta er víða fastbundin og njörvuð af skipulagi og byggingarskilmálum og nauðsynlegt er í mörgum tilvikum að fá formlegt leyfi byggingaryfirvalda fyrir breytingum. Það tekur tíma, fyrirhöfn, snúninga og kostar fé. Sums staðar eru breytingar óframkvæmanlegar.

Samkvæmt lögfræðilegu álitu frá Ásmundi Vilhjálmsyni skattasérfræðingi orkar 15 metra reglan tvímælis. Mælir hann með því að málinu og lögmæti reglunnar verði skotið til umboðsmanns Alþingis á þeim grundvelli að hún hafi ekki nægilega lagastoð. Greiðsla sorpgjalds eigi að lögum og með réttu að fara eftir magni sorps og tíðni losana. Óheimilt sé þar af leiðandi að innheimta sérstakt gjald vegna fjarlægðar tunnu frá götu. Ekki frekar er vegna fjarlægðar götu frá losunarstað.

Að öllu samaniðgöðu og virtu er þetta vanhugsað gönuhlaup sem best og réttast er að afturkalla alveg eða í það minnsta fresta því í ár svo að tækifæri og tóm gefist til nauðsynlegra ráðstafana og undirbúnings.

Nánar um lögmætisregluna

Ath. svo nokkra dóma þar sem á þetta hefur reynt

- **Formlegur þáttur.** Ákvæði um skatta verða að vera skýr og ótvíræð. Af þeim skal vera unnt að lesa:
 1. á hverjum skattskyldan hvílir. Skattskyldir aðilar
 2. af hvaða verðmæti skuli greiða skatt. Skattstofn
 3. hversu hátt skatthlutfallið eigi að vera. Skatthlutfall þar með talið útreikningur skattsins
- Fullnægi skattákvæði **ekki** þessum skilyrðum ber hið opinbera hallann

Ýmsir dómar: Þungaskattsmálið – lögmæti kílómetragjaldsins

- **HRD 1986/462.** Í þessu máli var fjallað um lögmæti kílómetragjalds samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79/1974
- Í lögunum voru ákvæði um tiltekna grunntexta. Skv. því bar þeim sem áttu ökutæki, er gengu fyrir díselolíu að ákveðinni þyngd, að greiða tiltekið gjald
- Þessa grunntexta var ráðherra svo heimilt að hækka með reglugerð miðað við breytingu á ákveðinni verðlagsvísitölu
- Deilt var um lögmæti þessarar hækkunar í málinu og sagði Hæstiréttur:
 - „Ekki er að finna í lögunum ákvæði er **TAKMARKI HEIMILD** ráðherra til ákvörðunar á gjaldstigunum eða breytinga á þeim.“
- Hæstiréttur segir semsé að ákvæði, sem takmarki álagningarheimild framkvæmdavaldsins, verði að vera í lögunum og fyrst slíku ákvæði sé ekki til að dreifa verði að ómerkja skattlagninguna

Búnaðarmálasjóðsgjaldið

- **HRD 1986/1361.** Í þessu máli var deilt um álagningu Búnaðarmálasjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 38/1945, sbr. lög nr. 27/1946. Árið 1948 var gerð breyting á þessum lögum, sbr. lög nr. 34 það ár
Þar kemur fram að ráðuneytið hafi tekið saman upplýsingar um tekjuskattsgreiðslur einstaklinga og dreifingu eftir tekjutiundum að teknu tilliti til útsvars og vaxta- og barnabóta. Upplýsingarnar eru unnar upp úr álagningaskrá ríkisskattstjóra.

Heildartekjur samanstanda m.a. af launatekjum, tekjum af atvinnurekstri, greiðslum frá lífeyrissjóðum og tekjum greiddum af ríkissjóði svo sem atvinnuleysisbótum, örorku- og ellilífeyri frá Tryggingastofnun. Aðrir skattar sem einstaklingar kunna að greiða, til að mynda virðisaukaskattur og fjármagnstekjuskattur, eru ekki hluti af umfjölluninni.

Segja aðeins svigrúm til 3,5% launahækkana


Ríkisskattstjóri skipti um skoðun um skattskyldu þrotbúa

Stóru bankarnir og ILS metnir kerfislega mikilvægir

Ríkið kaupir eigin skuldabréf fyrir 13,4 milljarða

Uppsafnaðar nettótekjur ríkissjóðs af tekjuskatti eftir tekjutiundum, m.kr.

Fjöldi heimila á bili = 20.169



Nettótekjur ríkissjóðs af tekjuskatti árið 2013 voru líðlega 95 milljarðar króna að teknu tilliti til þátttöku ríkissjóðs í útsvarsgreiðslum til sveitarfélaga, en þær námu 10,4 milljörðum króna, og barna- og vaxtabóta, sem námu 17,5 milljörðum króna.

Heimilin greiða að meðaltali 1,2 m.kr. í tekjuskatta þar af fara að meðaltali 733 þúsund kr. í útsvar. Meðaltekjur ríkissjóðs eru þannig 471 þúsund kr. á heimili. Efst tekjubilið er eina tekjubilið sem greiðir að meðaltali hærri fjárhæð í tekjuskatt til ríkissjóðs en útsvar til sveitarfélaga.

10/16/2021

ÁgV

Innlent | Morgunblaðið | 25.4.2015 | 5:30 | Uppfært 6:27

[Mæla með](#) 13 [Tweet](#)

18% greiddu ekki skatt



mbl.is/Ómar

staklinga á Íslandi með meira en 13 milljónir í árstekjur á árinu 2013 og samanlagt með 372,8 milljarða í heildartekjur.

Þetta er 18.531 fjölskylda sem hafði tæpan þriðjung tekna einstaklinga í landinu. Greiddu þessar fjölskyldur 117,5 milljarða í tekju- og eignarskatta. 1.853 fjölskyldur voru með meira en 27,5 milljónir í tekjur á árinu 2013 en hins vegar voru 92.700 fjölskyldur með minna en 4.311.627 kr. í tekjur yfir árið. Fram kemur í annarri úttekt á framtölum fyrirtækja í blaðinu að fleiri fyrirtæki voru annaðhvort rekin með tapi eða á núllinu á árinu 2013 en þau sem rekin voru með hagnaði en hlutfall þeirra var 48%.

Tekjulægstu 18% fjölskyldna og einstaklinga greiddu engan skatt á árinu 2013. Tekjuhæsta tíund allra fjölskyldna hér á landi var á hinn bóginn með 32,8% heildartekna allra einstaklinga í landinu á sama ári og greiddu þessar fjölskyldur 44,7% samanlagðra skatta. Næsthæsta tíund tekjuhæstu fjölskyldnanna var með 18% heildartekna allra fjölskyldna í landinu og skattgreiðslur þessa hóps voru 20,1% af heildarskattgreiðslum.

Þetta kemur fram í úttekt í Tíund, fréttablaði Ríkisskattstjóra, á skattbyrði fjölskyldna. Alls voru 10% fjölskyldna og einstaklinga.

Skuldug fyrirtæki

- Frá árslokum 2008 hafa skuldir fyrirtækja lækkað um 14.525 milljarða og eignir hafa minnkað um 14.549 milljarða.
- Fyrirtæki skulduðu rúmlega 17 þúsund milljarða í árslok 2013 og voru skuldir 1.438 milljörðum hærri en eignir.

To advance the public policy debate of our time, the Munk Debates will move the motion: **Be it resolved, tax the rich (more)...**

TAXING THE RICH

PRO

George Papandreou >

Paul Krugman >

CON

Newt Gingrich >

Arthur B. Laffer >

IRAN'S NUCLEAR AMBITIONS

EUROPE

NORTH AMERICAN ECONOMY

CHINA

RELIGION

HEALTHCARE

CLIMATE CHANGE


FOREIGN AID

HUMANITARIAN
INTERVENTION


GLOBAL SECURITY

DEBATE RESULTS

PRE-DEBATE RESULTS



POST-DEBATE RESULTS



PRO gains 12%. PRO wins

DEBATERS



PRO

George Papandreou

"We have created an uber-class, a super-class, that is beyond democratic control of our nations."

[Read bio >](#)



CON

Newt Gingrich

"The effort to finance Big Government through higher taxes is a direct assault on civil society."

[Read bio >](#)



PRO

Paul Krugman

"The simple analytics say that we should soak the rich, hard."

[Read bio >](#)

VS



CON

Arthur B. Laffer

"If I could figure a way to stop future Congresses from ever raising taxes I'd do it every day of the week and twice on Sunday."

[Read bio >](#)

Ríkustu 5% eiga tæplega 40% eigin fé landsmanna



240.262 fjölskyldur voru í gögnum ríkisskattstjóra á árinu 2020 og námu heildareignir landsmanna 7.678 milljörðum króna. *Ljósmynd/mbl.is*



Setja bókamerki

5% af ríkustu fjölskyldum landsins áttu 39,2% af heildar eigin fé allra framteljenda við árslok 2020, eða um 2.076 milljarða króna. Hefur hlutfallið lækkað um tæplega 1% frá árslokum 2019 en þá áttu efstu 5% um 40,1% af eigin fé landsmanna.

Þetta kemur fram í [svari](#) fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Loga Einarssonar um eignir og tekjur landsmanna árið 2020.


Samtals voru 240.262 fjölskyldur í gögnum ríkisskattstjóra á árinu 2020 en samkvæmt niðurstöðum álagningar ársins 2021 námu heildareignir landsmanna 7.678 milljörðum króna og eigið fé 5.298 milljörðum króna.

Skattbyrði í tölum

- Skattar mega ekki vera lægri en rekstur ríkisins kostar. Annars myndast halli
- Á árunum 1997-2006 lækkuðu skattar á menn. Sömuleiðis voru ...
 - Ýmsir skattar felldir niður. Af þeim skiptir kannski eignarskatturinn mestu
- Vegna þessa var því haldið fram að skattbyrðin hefði lækkað. Ísland væri sann kallað Gósen land. En var svo í raun ... **Hvað segja spekingarnir?**

Þróun heildarskattbyrði á Íslandi


Skatttekjur hins opinbera sem % af VLF



Heimild: OECD 2007-Revenue Statistics

Þróun heildarskattbyrði á Íslandi og hjá OECD-ríkjunum


Skatttekjur hins opinbera sem % af VLF



Heimild: OECD 2007-Revenue Statistics

Aukin heildarskattbyrði á Íslandi og hjá OECD-ríkjunum


Breyting á skattbyrði frá 1995 til 2005 í %-stigum



heimild: OECD 2007-Revenue Statistics

Tekjuskatta einstaklinga í OECD-ríkjunum 2004-5.


Tekjuskattheimta af einstaklingum sem % af vergri landsframleiðslu.



Heimild: OECD 2007-Revenue Statistics


Tekjuskattar fyrirtækja í OECD-ríkjunum 2004-5.

Skattbyrði fyrirtækjaskatta sem % af vergri landsframleiðslu




Neysluskattar í OECD-ríkjunum 2004-5.

Skattbyrði allra skatta af vörum og þjónustu, í % af vergri landsframleiðslu.



Skattlagning arðgreiðslna í OECD-ríkjum árið 2007.

Álagning sem hlutfall af skattstofni: einstaklingar og samanlögð skattlagning hjá einstaklingum og í fyrirtækjum.



Heimild: OECD 2007-Revenue Statistics

Vöxtur skatttekna hins opinbera í krónum, 1994 til 2005

Skattbyrði 1994: 32,4% af VLF

Skattbyrði 2005: 41,6% af VLF

Landsframleiðsla 2005: 1.012 milljarðar

Skatttekjur m.v. skattbyrði 1994: 328 milljarðar

Skatttekjur m.v. skattbyrði 2005: 420 milljarðar

**Tekjuauki árið 2005 vegna aukinnar skattbyrði,
er um 92 milljarðar.**

Um 50 milljarðar af því koma af tekjuskatti einst.

Af hverju stafar þetta?

- Hlutfall skatta var lækkað. Þrátt fyrir það jókst skattbyrði samkvæmt töflunum
- Af hverju stafaði það?
 - Jú, það stafaði fyrst og fremst af raunverðslækkun persónuafsláttarins og lækkun skatts af fjármagnstekjum
 - Eðlislægri uppbyggingu skattkerfisins

VIÐSKIPTI Viðskiptafréttir

Skattbyrði nokkuð minni hér en í Skandinavíu


• Tölur um skattbyrði frá Hagstofu ESB skekkjast vegna skilgreininga

Laugardagur, 16. nóvember 2019



Hlutfall skatta og félagslegra framlaga í Evrópu 2018

Hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) Tryggingagjald Skattar á tekjur og eignir Skattar á vörur og þjónustu



Baksvið

Pétur Hreinsson

peturh@mbl.is


Hlutfall skattgreiðslna af vergri landsframleiðslu (VLF), nam 40,3% að meðaltali í löndum Evrópusambandsins árið 2018 og hækkar lítillega frá því sem var árið á undan er talan stóð í 40,2%. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Evrópusambandsins. Tölurnar byggjast á samanlögðum skattgreiðslum og félagslegum framlögum, eða tryggingagjöldum, (e. sum of taxes and net social contributions).

Ísland er töluvert fyrir neðan meðaltal Evrópusambandsríkja og stóð hlutfallið á Íslandi í 36,9% á árinu 2018. Ástæðuna má

Ísland og umheimurinn

Viðskipti | Morgunblaðið | 7.12.2019 | 5:30 | Uppfært 10:57

Skatttekjurnar yfir meðaltali OECD



Skatttekjur á Íslandi eru yfir meðaltali OECD.



Morgunblaðið

Setja bókamerki

Ísland er yfir meðaltalinu meðal 36 OECD-landa þegar bornar eru saman hversu háar skatttekjur renna til hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu.

Hlutfallið hér á landi var 36,7% á síðasta ári en það var 34,3% að jafnaði í löndum OECD.

Þetta kemur fram í nýrri úttekt OECD sem um er fjallað í Morgunblaðinu í dag. Ísland er núna í 13. sæti á listanum en hlutfall skatttekna lækkaði lítið eitt hér á landi í fyrra frá árinu á undan.

Niðurstaða

- Skattbyrði einstaklinga og fjölskyldna jókst mikið á Íslandi frá 1995-2005, mun meira en í öðrum OECD-ríkjum
- **Skattbyrði jókst mest í lægri tekjuhópunum**
- Skattbyrði hátekjufólks (efstu 10%) lækkaði verulega
- **Skattbyrði flestra fjölskyldugerða jókst, mest hjá einstæðum foreldrum og lágtekjufjölskyldum**
- Skattbyrði öryrkja jókst mikið
- **Skattbyrði eldri borgara jókst mikið**
- Skattbyrði ungra barnafjölskyldna jókst mikið
- Skattastefnan gjörbreyttist vegna rýrnunar skattleysismarka og upptöku fjármagnstekjuskatts, um leið og skattar á fyrirtæki og fjárfesta voru lækkaðir verulega
- Skattastefna Íslendinga var einstök meðal OECD-ríkjanna

Umsögn OECD árið 2005 um þróun skattbyrði á Íslandi

Framtíðin ...Verður hún eitthvað betri?

- “Nýjasti alþjóðlegi samanburður sýnir að skattbyrði á Íslandi hækkaði upp fyrir meðaltal OECD-ríkjanna á seinni hluta tíunda áratugarins...”

OECD, *Economic Survey: Iceland 2005*, bls. 56.

- “Skattlagning fyrirtækja (á Íslandi) hefur verið minnkuð verulega og er nú ein sú minnsta sem þekkist í Evrópu. Öndvert þessu er skattlagning einstaklinga enn tiltölulega mikil, þrátt fyrir að ríkisstjórnir hafi á síðasta áratug haft þá stefnu að lækka jaðarálagningu tekjuskatta... Fyrirkomulag þar sem er fastur persónuafsláttur (innskot: skattleysismörk), sem hefur rýrnað að verðgildi yfir tíma, og há almenn álagning í tekjuskatti, hefur leitt til aukningar á meðal skattbyrði. ... Skattafrádráttur vegna vaxtagjalda hefur verið rýrður...”

OECD, *Economic Survey: Iceland 2005*, bls. 57.

Hrunið

- Í okt. 2008 hrundi ísl. efnahagskerfið
- Vegna þessa var ljóst að ríkissjóður yrði fyrir gríðarlegu tapi
- Þetta tap þurfti auðvitað að fjármagna og gerði **ALMENNINGUR** það
- Vorið 2009 tók ný ríkisstjórn við völdum og var eitt fyrsta verk hennar að hækka skatta

Skattbyrðin hér á landi er sögð svipuð og í Danmörku

Íslendingar borga næstmest í skatta af Norðurlandabjóðunum samkvæmt útreikningum AGS. Sérfræðingar AGS segja augljóst að líta verði á greiðslur í lífeyrissjóði sem skattgreiðslur til að bera saman milli landa.

FRÉTTASKÝRING

Hversu háir eru skattar hér á landi samanborið við hinar Norðurlandabjóðirnar samkvæmt útreikningum AGS?

Skattbyrði Íslendinga er með því mesta sem gerist í aðildarlöndum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD), samkvæmt útreikningum sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Þetta kemur fram í skýrslu um íslenska skattkerfið, sem AGS vann að beiðni íslenskra stjórnvalda.

Sérfræðingar sjóðsins reikna skattbyrðina sem hlutfall skatta af vergri landsframleiðslu. Nýjustu samanburðarhæfu tölurnar eru frá árinu 2007. AGS telur það skekkja verulega einfaldan samanburð á íslenska skattkerfinu og kerfinu á hinum Norðurlöndunum að Íslendingar greiða í sjálfstæða lífeyrissjóði til að tryggja sér lífeyri. Á hinum Norðurlöndunum greiðir fólk hærri skatta og ríkið sér alfarið um slík lífeyrismál.

AGS notar tvær mismunandi leiðir til að bera skattbyrðina á Íslandi saman við hin Norðurlöndin, og OECD-löndin.

Í fyrsta lagi er skattheimta á Íslandi borin saman við skatta erlendis þar sem skattar til að fjármagna lífeyrsgreiðslur sem hér fara í lífeyriskerfið eru undanskildir.

Þá er skattheimta á Íslandi 37,7 prósent af vergri landsframleiðslu, umtalsvert hærri en í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, eins og sjá má í meðfylgjandi mynd. Skattheimtan

er hins vegar meiri í Danmörku, 47,7 prósent.

Hin leiðin sem AGS notar til að bera saman skattbyrðar milli Íslands og nágrannalandanna er að bæta greiðslum í lífeyrissjóði við skattgreiðslur.

Þá reiknast skattbyrðin á árinu 2007 sem 48,5 prósent af vergri landsframleiðslu. Það er örlítið undir skattbyrðinni í Danmörku, sem var 48,7 prósent, og svipað og hlutfallið í Svíþjóð, 48,3 prósent. Hlutfallið er mun lægra í Noregi og Finnlandi, 43,6 prósent annars vegar og 43 prósent hins vegar.

Fjármagnstekjuskattur var tíu prósent fram á mitt ár 2009, þegar hann var hækkaður í fimmtán prósent, og svo í átján prósent í ár. Þrátt fyrir að

skatturinn hafi verið næstum tvöfaldaður er hann enn talsvert lægri en á hinum Norðurlöndunum. Þetta segja sérfræðingar AGS að hluta til skýrast af ólíkum reglum um frádrátt, en segja engu að síður borð fyrir báru að hækka skattinn í 20 prósent.


Virðisaukaskattur er hvergi innan aðildarríkja OECD hærri en hér á landi, 25,5 prósent. Skatturinn er þó svipaður í Danmörku, 25 prósent, en þar er ekkert lægra skattþrep fyrir matvæli, rafmagn, hita og fleira. Sérfræðingar AGS gerðu ekki tilraun til að meta mun á þjónustugjöldum eða öðrum kostnaði skattgreiðenda utan við beinar skattgreiðslur. Ekki var heldur metið hvaða þjónusta fæst fyrir það fé sem greitt er í skatt.

brjann@frettabladid.is


Samanburður á skattbyrði

Skattheimta sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hér á landi er með því hæsta sem gerist á Norðurlöndunum. Aðeins í Danmörku er skattbyrðin þyngr, sé tekið tillit til þess að greiðslur í lífeyrissjóði má í raun skilgreina sem skattgreiðslur, að mati AGS.

Samanlögð skattbyrði



Skattbyrði fyrir utan lífeyriskerfi



Miðað er við skattlagningu sem hlutfall af landsframleiðslu. Tölurnar eru frá árinu 2007.

Heimild: Skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Um þriðjungur eftir í veski launamanns

Ríki, sveitarfélög og lífeyrissjóðir fá um það bil tvo þriðju hluta launa hvers launamanns samkvæmt útreikningum Talnakönnunar á skattbyrði almennings. 125 þúsunda launamunur skilar aðeins 31 þúsund krónum meira í veskið.

FRÉTTALBAÐIÐ 25. JAN. 2011

Ríkis, sveitarfélög og lífeyrissjóðir fá um það bil tvo þriðju hluta launa hvers launamanns samkvæmt útreikningum Talnakönnunar á skattbyrði almennings. 125 þúsunda launamunur skilar aðeins 31 þúsund krónum meira í veskið.

EFNAHAGSMÁL Um tveir þriðju hlutar af kostnaði vinnuveitanda við launagreiðslur starfsmanns renna beint eða óbeint til ríkis og sveitarfélaga í formi skattgreiðslna eða í lífeyrissjóðina, samkvæmt útreikningum Talnakönnunar.

Benedikt Jóhannesson, stærðfræðingur hjá Talnakönnun, segir að reiknuð hafi verið tvö dæmi. Annars vegar launamaður með um 325 þúsund krónur í mánaðarlaun, og hins vegar launamaður með 450 þúsund krónur á mánuði. Útreikningarnir voru gerðir fyrir útvarpsþáttinn Ísland í bítið á Bylgjunni.


Reiknaður var út endanlegur kostnaður vinnuveitanda við hvorn launamann. Frá þeirri upphæð voru dregin launatengd gjöld, skattar til ríkis og sveitarfélaga, greiðslur í lífeyrissjóði og annað, eins og sjá má í dæmunum tveimur hér til hliðar.

Einnig voru dregnar frá greiðslur í lífeyrissjóð þar sem þær greiðslur eru ekki valkvæðar nema að hluta til, og launþegar hafa engan ráðstöfunarrétt yfir þeim peningum. Benedikt bendir á að lífeyriskerfin víða á nágrannalöndunum séu raunar hluti af ríkisvaldinu, og þar með megi líta á greiðslur í lífeyrissjóði með svipudum hætti og skattgreiðslur.

Að auki er metið hver eyðsla fólks í ýmsar neysluvörur er að meðaltali, og þar af leiðandi hversu hár hluti launa fólks fer í að borga virðisaukaskatt og vörugjöld af vörum.

Niðurstaðan úr útreikningunum er að tæplega 148 þúsund eru eftir í veskinu hjá launþeganum með 325 þúsund krónur í mánaðarlaun. Það eru um 38 prósent af heildarkostnaði launagreiðandans við laun starfsmannsins.

Um 179 þúsund verða eftir hjá launþeganum með 450 þúsund króna mánaðarlaunin. Það eru um 33 prósent af kostnaði launa-



greiðandans við að borga laun starfsmannsins. Um 125 þúsunda launamunur skilar því aðeins um 31 þúsund krónum í vasann, „Það sem kemur á óvart er hversu lítið situr eftir,“ segir Benedikt. Hann segir niðurstöðurnar benda til þess að kjarabætur til almennings geti ekki síður legið í því að lækka skatta en hækka laun,

enda sitji aðeins lítil hluti launa-hækkunar eftir hjá launþeganum. Benedikt tekur fram að tilgangurinn hafi einfaldlega verið sá að sjá hvað hið opinbera taki til sín af launum fólks. Ekki hafi verið gerð tilraun til að meta hvað fólk fær í staðinn, til dæmis sjúkrabætur, skóla, ýmis konar bætur og fleira.

brjann@frettabladid.is

Skattamet slegið



Miklar breytingar hafa orðið á skattaumhverfinu hér á landi á umliðnum mánuðum og misserum. mbl.is/Eggert

Á níu ára tímabili hefur álagning tekjuskatts allt að því tvöfaldast í krónum og aurum talið. Álagning almenns tekjuskatts á einstaklinga skilaði ríkissjóði ríflega 100 milljörðum í tekjur á síðasta ári. Árið 2002 skilaði sami liður um 52 milljörðum króna.

Um er að ræða tölur á verðlagi hvers árs. Verðlag hefur hækkað um 63% á sama tímabili. Raunaukning tekna ríkisins með álagningu almennra tekjuskatta á einstaklinga hefur því aukist um tæpan þriðjung.

Í umfjöllun um skattamálin í viðskiptablaði

Morgunblaðsins í dag kemur fram, að á árunum 2004 til 2008 jukust tekjur ríkisins af álagningu almennra tekjuskatta hratt. Ástæða þess er mikil aukning tekna skattgreiðenda, en tekjuskattar voru í raun lækkaðir á tímabilinu. Laun hafa hins vegar ekki hækkað að neinu ráði síðastliðin þrjú ár, heldur þvert á móti. Tekjuauki ríkisins á síðastliðnum árum hefur því fyrst og fremst náðst fram með skattahækkunum.

Ekki meiri skattahækkanir



Viðskiptaráð

Viðskiptaráð gagnrýnir stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum og segir núverandi stefnu hafa tafið fyrir vexti hagkerfisins. Ráðið frábiður sér frekari skattahækkanir og bendir á, að að Rúmeníu undanskilinni, sé Ísland eina landið sem er í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þar sem ekki var hagvöxtur á árinu 2010.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Viðskiptaráði. „Þessa dagana er smíðshögg rekið á fjárlagafrumvarp næsta árs og fjórða árið í röð er stefnt að frekari skattahækkunum. Ástæðan nú er

að upphafleg markmið um frumjöfnuð í ríkisfjármálum munu ekki nást, þvert á fyrri fullyrðingar forsvarsmanna stjórnvalda,“ segir í yfirlýsingunni.

Þar segir að þessar fregnir séu vonbrigði, sérstaklega þar sem viðsnúningur í rekstri ríkissjóðs sé eitt mikilvægasta markmiðið í endurreisn hagkerfisins.

„Verulegur hallarekstur til lengri tíma mun auka skuldsetningu ríkissjóðs og skerða kjör Íslendinga til framtíðar. Síðustu þrjú ár hafa stjórnvöld gripið til margvíslegra aðgerða til að rétta af hallann og fljótt á lítið mætti ætla að þokkalega hefði tekist til. Þunginn í þessum aðgerðum hefur hins vegar verið um of á tekjuöflun með nýjum eða breyttum sköttum og annarri gjaldheimtu. Á meðan hafa aðgerðir til að auka umsvif í hagkerfinu, og auka þannig skatttekjur, ekki hlotið nægilegan hljómgrunn. Yfirlýsingar stjórnvalda síðustu daga benda því miður til þess að á árinu 2012 verði framhald á þessari forgangsroðun. Í ljósi hagvaxtarþróunar síðustu ára skýtur þar skökku við. “

Þar segir að þessar fregnir séu vonbrigði, sérstaklega þar sem viðsnúningur í rekstri ríkissjóðs sé eitt mikilvægasta markmiðið í endurreisn hagkerfisins.

„Verulegur hallarekstur til lengri tíma mun auka skuldsetningu ríkissjóðs og skerða kjör Íslendinga til framtíðar. Síðustu þrjú ár hafa stjórnvöld gripið til margvíslegra aðgerða til að rétta af hallann og fljótt á lítið mætti ætla að þokkalega hefði tekist til. Þunginn í þessum aðgerðum hefur hins vegar verið um of á tekjuöflun með nýjum eða breyttum sköttum og annarri gjaldheimtu. Á meðan hafa aðgerðir til að auka umsvif í hagkerfinu, og auka þannig skatttekjur, ekki hlotið nægilegan hljómgrunn. Yfirlýsingar stjórnvalda síðustu daga benda því miður til þess að á árinu 2012 verði framhald á þessari forgangsroðun. Í ljósi hagvaxtarþróunar síðustu ára skýtur þar skökku við. “

„Merki um skaðsemi tekjuöflunaraðgerða stjórnvalda sjást skýrt á því að atvinnuvegafjárfesting og einkaneysla, forsendur hagvaxtar og atvinnusköpunar, eru enn við söguleg lágmörk,“ segir í yfirlýsingu Viðskiptaráðs. „Með hærri sköttum á stóriðju, fjármála fyrirtæki og sjávarútveg yrði höggvið í sama knérunn, áfram latt til fjárfestingar og niðursveiflan framlengd.“

„Í þessu ljósi má gagnrýna stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum og ítrekaðar yfirlýsingar þeirra um árangur af eigin aðgerðum,“ segir í yfirlýsingunni. Þar segir að núverandi stefna hafi tafið fyrir vexti hagkerfisins og að breytinga sé þörf.

„Að Rúmeníu undanskilinni er Ísland eina landið sem er í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þar sem ekki var hagvöxtur á árinu 2010. Að auki eru hagvaxtarhorfur hérlendis til næstu 5 ára með þeim slökustu á heimsvísu skv. nýlegri spá AGS og ekki er hagspá Seðlabanka Íslands frá 17. ágúst uppörvandi,“ segir í yfirlýsingunni.

Þar er hvatt til þess að nú verði öðrum meðölum beitt til að rétta af halla ríkissjóðs. „Frekari bið eftir hagvexti og bættum lífskjörum er óásættanleg“.

Hærri skattar skila sér lítið í samdrættinum



Hækkun skatta hefur ekki gefið af sér meira fé til ríkisins.
mbl.is/Golli

Þrátt fyrir skattahækkanir skilar tekjuskattur einstaklinga svipaðri upphæð í ríkissjóð nú og hann gerði árið 2008. Sama má segja um skatta á vöru og þjónustu. Árið 2010 var skatthlutfall á fjármagnstekjur hækkað öðru sinni eftir hrun, en engu að síður lækkaði innheimtur fjármagnstekjuskattur um níu milljarða.

Kristján Þór Júlíusson, alþingismaður sem sæti á í fjárlaganefnd Alþingis, segir í umfjöllun um þessi mál í Morgunblaðinu í dag, að markmið ríkisstjórnarinnar í fjármálum hafi í stórum dráttum gengið eftir, en ríkisstjórnin hafi hins vegar algerlega brugðist þegar kemur að

uppbyggingu framtíðartekna ríkissjóðs.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýnir ríkisstjórnina í blaðinu í dag fyrir að hafa sagt stórbætta stöðu ríkisfjármála leyfa dýra kjarasamninga. „Það sem er að gerast er að ríkisstjórnin er byrjuð að dreifa gæðunum áður en hafist er handa við að skapa þau,“ segir hann.

Hvað var gert?

- AflaTekjuskattur. Í stað eins hlutfalls skatts var tekinn upp þrepaskiptur skattur
- Fjármagnstekjuskattur. Skatthlutfallið var hækkað, fyrst úr 10% í 15%, svo úr 15% í 18% og loks úr 18% í 20%
 - Er núna 22%
- Auðlegðarskattur. Stóreignaskattur tekinn upp. Rök, ...
- Virðisaukaskattur. Hærra þrepið fór úr 24,5% í 25,5%

OG AFLEIÐINGIN VARÐ:

Sjá

http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/vefrit/Vefrit_fjarmalaraduneytisins_20102011.pdf

mbl.is
Þriðjudagur, 10. janúar 2012

Forsíða Viðskipti Íþróttir Fólkið Smartland Mörtu Maríu Greinasafn Myndasafi

Innlent Erlent Tækni og vísindi Nýjast Vinsælast Fréttaleit News in English Sjónvarp Veður

Innlent | mbl | 20.10.2011 | 13:56

Upplstur á frétt

Skattbyrðin hefur flust yfir á hátekjufólk



mbli.is/Arnaldur Halldórsson

Greining á áhrifum á breytingum sem gerðar hafa verið á skattamálum sýnir að verulegur tilflutningur á skattbyrði hefur átt sér stað frá fólki með lægri tekjur yfir á hátekjufólk og að helmingur hjóna. Þetta kemur fram í vefriti fjármálaráðuneytisins.

„Á fyrstu tveimur árum núverandi ríkisstjórnar voru gerðar miklar breytingar á sköttum, m.a. sköttum einstaklinga.

Tilgangurinn var að stöðva tekjufall ríkissjóðs og styrkja stöðu hans til frambúðar og að snúa af braut ójafnaðar.


Í „Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum“, sem fjármálaráðherra kynnti í júní 2009, eru sett fram skýr markmið í skattamálum. Annars vegar að skattheimtan yrði aukin hóflega og yrði innan þeirra marka sem hún hefur verið á undanförunum árum og hins vegar að skattkerfinu yrði beitt markvisst í jöfnunartilgangi.

Greining á áhrifum breytinganna sýnir m.a. með ótvíráðum hætti að verulegur tilflutningur á skattbyrði hefur átt sér stað frá fólki með lægri tekjur yfir á hátekjufólk og að helmingur hjóna, ca 31.000 hjón, greiða nú lægra hlutfall af tekjum sínum í tekjuskatta og útsvar, þ.m.t. fjármagnstekjuskatt, á árinu 2010 en þau gerðu árið 2008.

Með bótum er fjöldi þeirra sem greiða lægra hlutfall meiri eða um 37.000. Ennfremur verður séð að um 77% hjóna eða 47.000 hjón greiða minna í fjármagnstekjuskatt á árinu 2010 en þau hefðu gert skv. 10% flötum skatti,” segir í vefritinu.



Virðisaukaskattur er hærri en tekjuskattur einstaklinga og lögaðila til samans:
<http://www.youtube.com/watch?v=0Ah73XXPKzs>



Vaxandi misskipting auðs í Evrópu



James K. Galbraith á fundinum í gær.

James K. Galbraith á fundinum í gær. mbl.is/Eggert



mbl.is

Kristinn Ingi Jónsson
kij@mbl.is

Misskipting auðs er mikil á milli Suður- og Norður-Evrópu og hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Innan einstakra Evrópuríkja ríkir eflaust þó nokkur tekjujöfnuður en bilið á milli fátæku og ríku þjóða álfunnar mun áfram vaxa ef fram fer sem horfir. Á meðan standa evrópskir ráðamenn ráðalausir.

Þetta var á meðal þess sem fram kom í máli James K. Galbraith, hagfræðiprófessors við Háskólann í Texas í Austin á hádegisfundi á vegum hagfræðideildar Háskóla Íslands og Samtaka sparifjareigenda í hátíðarsal Háskóla Íslands í gær.

Galbraith benti á að þróunin í Evrópu og Bandaríkjunum hefði verið nokkuð ólík. Vissulega hefði tekjujöfnuður aukist beggja megin Atlantshafsins en í Bandaríkjunum hefði þó ójöfnuður, ef eitthvað er, minnkað á milli ríkja. Þegar horft væri á Evrópu í heild sinni, í stað þess að einblína á einstök ríki álfunnar, kæmi raunar í ljós að misskiptingin væri meiri þar en í Bandaríkjunum.

Hann sagði að tekjujöfnuður í ríkjum í norðurhluta Evrópu væri nokkuð mikill, en að munurinn á norður- og suðurhluta álfunnar væri hins vegar gríðarlegur. Þar væri stórt gap sem væri stærra en til að mynda gapið á milli norður- og suðurhluta Bandaríkjanna.

Þetta sýndi í raun við hvaða vanda Evrópusambandið ætti við að glíma um þessar mundir. Í Evrópu væri ekki fyrir hendi neitt skilvirkt gangverk sem gerði fátæku þjóðum álfunnar kleift að bæta stöðu sína gagnvart ríkari þjóðunum. Raunin væri hins vegar önnur í Bandaríkjunum. Þar væri til að mynda til staðar velferðarkerfi og ýmis önnur umbótakerfi sem miðuðu sérstaklega að því að hjálpa fátækustu ríkjunum.

Meiri jöfnuður í ríkum þjóðum

Hann útskýrði að samkvæmt rannsóknum sínum ríkti meiri tekjujöfnuður í ríkum þjóðum en fátækum. Ástæðan væri sú að í ríkustu þjóðunum mætti finna stóra millistétt. Hún drægi verulega úr ójöfnuði. Reyndar væru nú ýmis merki um að millistéttin í Bandaríkjunum og öðrum auðugum þjóðum færi minnkandi. Hún væri undir miklu álagi og ætti í harðri baráttu við að halda stöðu sinni.



Fundurinn var vel sóttur. mbl.is/Eggert

Fram kom í máli hagfræðiprófessorsins að aukinn tekjujöfnuður væri knúinn áfram af fjármálageiranum. Beint samband væri á milli stærð fjármálakerfisins og ójöfnuðar á alþjóðavísu. Nóg væri að líta til þeirra svæða í heiminum þar sem ójöfnuður væri að aukast. Þar færi fjármálakerfið stækkandi. Hann benti á að lánsfjárbóla hefði tilhneigingu til þess að auka hagvöxt og um leið yrðu bankamenn mun ríkari. Hann hefði sérstaklega tekið eftir því að misskipting tekna í Bandaríkjunum hefði aukist samhliða tæknibólunni um síðustu aldamót og aftur í góðærinu um miðjan síðasta áratug.

Óttast uppreisn og blóðug átök í Bandaríkjunum vegna vaxandi ójöfnuðar – Þrír menn eiga jafnmikið og helmingur þjóðarinnar

Ritstjórn DV ritstjorn@dv.is

06:42 · 13. nóvember 2017





Bandarískir stjórnmálamenn takast þessa dagana á um endurbætur á skattkerfi landsins sem eiga að sögn að færa landsmönnum auknar ráðstöfunartekjur með skattalækkunum. Skattalækkanir voru eitt af helstu kosningalofoðum Donald Trump í forsetakosningunum. Hann hefur kynnt hugmyndir sínar að skattalækkunum og það hefur fulltrúadeild þingsins einnig gert og nú er öldungadeildin að ræða málið.

Tillögur Trump og repúblikana í fulltrúadeildinni munu aðallega koma ríkustu Bandaríkjamönnum til góða eftir því sem segir á vef theatlantic.com. Í öldungadeildinni er nú verið að ræða aðra útgáfu sem er ekki eins óhagstæð fyrir þá efnaminni.

Danska ríkisútvarpið hefur eftir Ulrik Bie, hagfræðingi og sérfræðingi í bandarískum efnahagsmálum, að tillögur fulltrúadeildarinnar hafi komið þeim ríkustu best, bæði í beinhörðum peningum sem og prósentulega. Tillögurnar, sem verið er að ræða í öldungadeildinni, séu skárri fyrir þá tekjuminni en þó sé ekki að sjá að þær muni uppfylla loforð Trump um að það verði millistéttin sem fái mestu skattalækkanirnar.

Ef breytingarnar á skattkerfinu verða að veruleika munu þær því að öllum líkindum auka enn á þann mikla efnahagslega ójöfnuð sem er í landinu en ójöfnuðurinn hefur vaxið mikið undanfarin ár. [Skýrsla](#) frá hugveitunni Institue for Policy Studies sýnir að þrír ríkustu menn Bandaríkjanna, Bill Gates, Warren Buffet og Jeff Bezos, eiga nú jafnmikið og sá helmingur þjóðarinnar sem er efnaminnstur. Ef 400 ríkustu Bandaríkjamennirnir eru teknir með í reikninginn eiga þeir jafnmikið og 204 milljónir landsmanna, eða 64 prósent þjóðarinnar.

Josh Hoxie, einn höfundur skýrslunnar, segir að þetta sé ekki bara slæmt efnahagslega séð heldur sé hér um siðferðislega krísu að ræða. Hugveitan líkir ástandinu í dag við aldamótin 1900 þegar menn eins og John Rockefeller, Cornelius Vanderbilt og John Jacob Astor auðguðust gríðarlega í kjölfar iðnbyltingarinnar. Margir þessara auðjöfra syntu nánast í vellystingum. Á endanum greip Theodore Roosevelt, forseti, inn í og skipti fyrirtækjum þeirra upp og hækkaði skatta á þá ríku. Markmiðið var að koma í veg fyrir óróa í samfélaginu. Sumir telja einmitt að nú sé staðan sú sama.

Einn þeirra er milljarðamæringurinn Nick Hanauer sem á sem svarar til rúmlega 100 milljarða íslenskra króna. Í umfjöllun Danska ríkisútvarpsins í [21 Söndag](#) í gærkvöldi var meðal annars rætt við Hanauer. Hann óttast byltingu ef bilið á milli ríkra og fátækra minnkar ekki.

„Maður þarf að vera blindur til að sjá ekki að Bandaríkin eru að leysast upp. Þetta er allt að hrynja saman. Þetta er afleiðing gríðarlegrar misskiptingar.“

Hann segir bein tengsl á milli sigurs Trump í forsetakosningunum og reiði almennings.

„Fólk er ótrúlega reitt. Reiðin fékk það til að kjósa forseta sem er ótrúlega ógreindur og vanhæfur. Hann kynnti undir reiði fólks með góðum árangri.“

Segir hann og segir landsmenn vera mjög reiða.

„Almenningur í landinu er reiður og það ekki af ástæðulausu. Hann hefur verið svikinn í 40 ár. Annaðhvort hjálpum við þessu fólki eða reiðin mun halda áfram að aukast og fá útrás í hryllilegu ofeldi.“

Hann segir að það þurfi að endurúthluta auðnum ef bjarga á Bandaríkjunum. Hann er óvæntur talsmaður aðþrengdra verkamanna í landinu og notar stóran hluta af tíma sínum að berjast fyrir hærri lágmarkslaunum. Margir þeirra sem fá lágmarkslaun verða að treysta á opinbera aðstoð til að geta framfleytt sér og fjölskyldum sínum, fá aðstoð við matarkaup og til að borga leigu.

„Megnið af þeim peningum sem við notum í baráttunni gegn fátækt fara ekki til atvinnulausra. Þeir fara til fólks sem er með vinnu en hefur ekki nægilega há laun til að geta bjargað sér. Þetta er algjört rugl.“

Hann segir að það verði að hugsa efnahagskerfi Bandaríkjanna upp á nýtt ef ekki á illa að fara.

„Síðustu 30 ár hefur hugsunin á bak við hagkerfið byggst á þeirri kenningu að ef þeir ríku verði ríkir þá leki ríkidæmið niður á hina (hin svokallaða brauðmolakenning, innsk. blaðamanns). Bandaríkjamenn hafa verið hafðir að fíflum. Þeim var sagt að ef launin yrðu hækkuð myndi störfum fækka og þetta var sagt svo oft að þeir fóru að trúa þessu. Við verðum að upplýsa fólk um að þetta er lygi. Þetta er saga sem var búin til af ríku fólki fyrir ríkt fólk sem viðheldur kerfi þar sem það er ríkt og hinir eru fátækir og verða bara að sætta sig við það.“

Heimildir

- Glærur 61 til 70 eru birtar með góðfúslegu leyfi Stefáns Ólafssonar prófessors í félagsfræði

Einhverjar spurningar

- ... ef ekki þakka ég fyrir mig